

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1927.

56
7. maí

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir 1927, eru veittar samkvæmt 2.—9. gr. hjer á eftir kr. 156457,98.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

1. Kostnaður við útgáfu á efnisyfirliti stjórnartíðinda 1916 til 1925	Kr.	Kr.
5730,88		
2. Til viðbótar við talningarfje ríkisfjehirðis	1000,00	
		6730,88

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

1. Til fangahúsbyggingar á Ísafirði	“	“	17404,95
---	---	---	----------

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12 gr. er veitt:

1. Til kostnaðar við mænuóttarsjúklinga	“	“	1000,00
---	---	---	---------

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

1. Til byggingar á prestssetrinu Höskuldsstöðum	7317,05
2. Til byggingar á prestssetrinu Saurbæ í Eyjafjarðars.	2000,00
3. Til byggingar íbúðarhúss í Kollafjarðarnesi	4665,76
4. Til íbúðarhúsbyggingar á Bergþórshvoli	2600,00
5. Álag til safnaðar Þingmúlasóknar	1078,81
6. Til byggingar dauðdumbraskólans	30500,00
7. Til aðgerðar gagnfræðaskólans á Akureyri	4786,19

Flyt ... 52947,81 25135,83

		Flutt ...	52947,81	25135,83
56	8.	Til aðgerðar rannsóknarstofu háskólans, Kirkjustræti 12	568,17	
7. maí	9.	Til viðbótarbyggingar á Eiðum	6500,00	
	10.	Til loftræstingar í mentaskólanum	5000,00	
	11.	Til girðingar um lóð kennaraskólans	2000,00	
	12.	Til aðgerðar skólahússins á Eiðum	2000,00	
	13.	Til skóla- og íbúðarhússbyggingar á Hólum	15000,00	
	14.	Smásjá handa rannsóknarstofu háskólans	2427,66	
				<hr/> 86443,64

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

1.	Til aðstoðar við Þjóðskjalasafnið	1800,00	
2.	Til aukavinnu við Þjóðmenjasafnið	132,00	
3.	Til fornmenjarannsóknar á Bergþórshvoli	4000,00	
			<hr/> 5932,00

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1.	Til fyrirhleðslu í Hjeraðsvötnin hjá Vindheimum	1496,09	
2.	Til strandvarnargarðs á Sauðárkróki	1028,31	
3.	Til sjóvarnargarðsins á Siglufirði, tillag frá 30. apríl 1925 til 20. febr. 1927	2221,30	
4.	Húsaleigugeftirstöðvar efnarannsóknarsofunnar 1926	2400,00	
5.	Til kostnaðar við stíflu á aðfærsluskurði við Miklavatns- mýraráveituna	3133,05	
			<hr/> 10278,75

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

1.	Til sjera Björns Þorlákssonar, eftirlaunaviðbót frá 1. júní 1926 til 30. des. 1927	502,55	
2.	Til sjera Stefáns Jónssonar, eftirlaunaviðbót frá 1. okt. 1927	133,20	
3.	Til frú Vigdísar Steingrímsdóttur Arason, ekkju Þorvaldar Arasonar póstafrgreiðslumanns	432,00	
4.	Til Einars Benediktssonar skáld	5760,00	
5.	Til frú Eleanor Sveinbjörnsson, ekkju Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar tónskálds, frá 1. mars 1927	1440,00	
6.	Til frú Rögnu Gunnarsdóttur, ekkju Ólafs Gunnarssonar hjeraðslæknis	864,00	
7.	Til frú Guðlaugar Magnúsdóttur, ekkju Bjarna Jónssonar frá Vogli	1728,00	
8.	Til frú Helgu Skúladóttur, ekkju sjera Pjeturs Jónssonar frá Kálfafellsstað	326,97	
			<hr/> 11186,72

Flyt 138976,94

Flutt 138976,94 **56**
7. maí

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

1. Heiðurslaun til O. Forberg landssímastjóra	10000,00
2. Til aðgerðar konungshúsinu á Þingvöllum	157,01
3. Til ríkisgjaldanefndarinnar	5000,00
4. Til húsameistara, húsaleigu- og ferðakostnaðar m. m. síð- astliðið ár	678,28
5. Til ferðakostnaðar út af ágreiningi við dýpkun Akureyrar- hafnar o. fl.	1645,75
	<hr/>
	17481,04
	<hr/>
	Kr. 156457,98

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús J. Kristjánsson.

L Ö G

um

atvinnuleysiskýrslur.

57
7. maí

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Dan-
merkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri,
Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer stað-
fest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bæjarstjórnnum skal skylt að safna skýrslum 1. febrúar, 1. maí,
1. ágúst og 1. nóvember ár hvert um atvinnu og atvinnuleysi allra
sjómanna, verkamanna, verkakvenna og iðnaðarmanna og kvenna
í kaupstaðnum. Ágrip af skýrslunum skal þegar í stað sent Hagstofu Ís-
lands, er birtir yfirlit yfir þær.